

## 6. gr.

190

- a. Dýralækni ber ókeypis flutningur á ferðum hans, svo greiðum og svo beina leið frá og til heimilis hans sem hægt er. 19. okt.
- b. Ef dýralæknir leggur sér farkost sjálfur, ber þeim, er hann ferðast fyrir, að endurgreiða honum þann kostnað er hann hefir af farartækinu, eða ef hann á það sjálfur, tilsvarendi gjald.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. október 1939.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

## REGLUGERÐ

191

20. okt.

### um holræsi í Ytri-Akraneshreppi.

## 1. gr.

Þar, sem hreppurinn hefir látið leggja á sinn kostnað holræsi í götu eða um óbyggð svæði, eða þar, sem hreppurinn hefir keypt og tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er hverjum húseiganda byggðra húsa og þeirra, sem byggð verða, skylt að grafa fyrir og leggja á sinn kostnað í hús sitt ræsi, er flytji allt skólp frá húsinu út í aðalræsi.

Regnvatn af húsum og lóð skal einnig að svo miklu leyti, sem hægt er leitt í húsræsið. Hreppurinn leggur hverju húsi til allt að 25 pípur, en þó aldrei fleiri en pípulengd frá göturæsinu að næsta húsvegg. Veganefnd hreppsins eða maður, sem hreppsnefndin felur það, hefir umsjón með að ræsin séu ekki af lakari gerð en göturæsin, og að þau hafi rétta legu eftir staðháttum á hverjum stað. Vanræki nokkur að gera þetta, innan þess tíma, sem hreppsnefndin setur, er henni heimilt að láta vinna verkið á kostnað hluaðeigandi húseiganda.

## 2. gr.

Allur kostnaður við holræsagerð hreppsins greiðist úr hreppssjóði, en til þess að standast kosnað við holræsagerðina, ber hverjum húseiganda, sem hefir fengið hús sitt tengt við holræsakerfi hreppsins, að greiða 15 króna árlegt gjald, sem nefnist holræsagjald, ásamt 2% — tveimur af þúsundi — af fasteignamati þeirra húsa, sem holræsi liggja frá, og tengd eru við göturæsi hreppsins.

## 3. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda, og hefir hann einn ábyrgð á greiðslu þess, en fyrir öllum kröfum, sem hreppsnefndin öðlast á hendur húseigendum samkvæmt 1. og 2. grein, hefir hreppssjóður lögtaksrétt, sem er tryggður með lögveðrétti í húsum og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsvegi og aðfararveði.

## 4. gr.

Árlegur gjalddagi holræsagjaldsins er 1. júní. Gjaldið greiðist á skrifstofu hreppsins.

- 191 Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps hefir samið og sam-  
20. okt. þykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. nóvember 1939, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. október 1939.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*

- 192  
20. okt.

## REGLUGERÐ

### um skipun slökkviliðs og brunamála í Eyrarbakkakauptúni.

#### I. KAFLI

Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

##### 1. gr.

Yfirstjórn brunamála í kauptúninu skal falin 3 manna nefnd og eiga sæti í henni slökkviliðsstjóri og tveir menn, sem hreppsnefndin kýs til 3 ára í senn.

Brunamálanefnd skal hafa á hendi, undir umsjón hreppsnefndar, eftirlit með, að fyrirmælum laga um brunamál og reglugerðar þessarar sé í einu og öllu framfylgt, nema sérstaklega heyrri beinlínis undir verksvið hreppstjóra eða slökkviliðsstjóra.

#### II. KAFLI

Hver slökkvitæki kauptúnið skuli eiga og viðhald þeirra.

##### 2. gr.

Eyrarbakka kauptúni er skylt að eiga í nothæfu ástandi að minnsta kosti þessi slökkvitæki og áhöld: Eina véldælu með tilheyrandi slöngum, eina handdælu með tilheyrandi slöngum, slönguvagn, brunasegl, björgunarsegl, rafknúinn brunalúður, tvær brunaaxir, krókstjaka og önnur smærri áhöld slökkviliðinu viðkomandi.

Áhöldum öllum skal á kostnað sveitarsjóðs haldið vel við. Skal smyrja vélar og vagna svo oft sem þess er þörf og reyna dætur ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Ef brunamálanefnd þykir ástæða til að auka slökkvitækin eða endurnýja þau, skal hún senda hreppsnefnd skriflega tillögu þar um. Áður en hreppsnefnd tekur ákvörðun um tillöguna skal leitað umsagnar Brunabótafélags Íslands.

##### 3. gr.

Öll tæki til brunavarna skulu geymd í slökkvistöðinni. Skal þeim haganlega fyrir komið, svo greiður verði gangur að þeim, er á þarf að halda. Lykill að slökkvistöðinni skal vera í vörzlum slökkviliðsstjóra, og svo margra úr slökkviliðinu, sem þurfa þykir. Slökkvistöðinni skal haldið vel við á kostnað sveitarsjóðs. Brunamálanefnd getur ákveðið að geyma 1 lykil í smáskáp með glerloki fyrir, er hangi utan á slökkvistöðinni. Slökkvistöðinni skal haldið vel við á kostnað sveitarsjóðs.

##### 4. gr.

Slökkviliðsstjóri hefir, undir umsjón brunamálanefndar, eftirlit með slökkvitækjunum, og ber hann ábyrgð á því, að þau séu fyrir hendi, og að þeim sé vel við haldið. Við árslok hver sendir slökkviliðsstjóri brunamálanefnd skrá yfir slökkvitæki þau, sem til eru, og skal þess jafnframt getið hver slökkvitæki hafi verið keypt á árinu og hver hafi gengið úr sér.